

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 65/1966. K (Guðrún Erlendsdóttir hdl.)
 gegn
 M (Páll S. Pálsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigur-
 jónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guð-
 mundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl s. á. Hún fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 26. marz 1966. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, X, er hún ól 30. apríl 1963, og dæmt skylt að greiða henni fæðingar-
 styrk, almennt tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1963 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára ald-
 urs þess, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún máls-
 kostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins
 og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að henni verði dæmdur
 fyllingareiður.

Lögmaður áfrýjanda krefst þess, að honum verði dæmd
 málf lutningslaun úr rikissjóði, hver sem úrslit málsins
 verða.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
 kostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Rannsóknar-
 stofu Háskólans, dags. 14. júní 1967, undirritað af prófessor
 Ólafi Bjarnsyni, dr. med., um endurtekna rannsókn á blóði
 úr aðiljum máls þessa og barninu. Í vottorðinu segir svo:
 „Niðurstaðan varð þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
K, f. 1935	O	M	+	+	—	+	+
X, f. 30/4 1963	O	M	—	+	+	+	+
M, f. 1941	A ₂	M	+	+	—	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu getur M ekki verið faðir X, þar eð eigindin E, sem finnst í blóði barnsins, finnst hvorki í blóði þess né M.

Er þessi niðurstaða í fullu samræmi við fyrri niðurstöður í máli þessu, sbr. meðal annars bréf prófessors Nielsar Dungal til sakadómara, dags. 11/6 1963“.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 30. desember, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 16/1965: K gegn M, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, ógift, til heimilis . . . hér í borg, fædd . . . 1935, ól hinn 30. apríl 1963 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst M, til heimilis . . . hér í borg, fæddan . . . 1941, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast. Hefur sóknaraðili því höfðað

mál þetta gegn honum og krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1963, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja, enda hafi hann útilokazt við blóðrannsókn frá því að geta verið faðir að barni hennar. Þá krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmd til að greiða allan málskostnað.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi kannazt við varnaraðilja, frá því að hann var drengur, en bróðir hans er kvæntur hálf systur sóknaraðilja. Haustið 1961 fór varnaraðili að sögn sóknaraðilja að draga sig eftir henni. Hittust þau endrum og eins, en ekki var þó um kunningsskap að ræða á milli þeirra.

Laugardaginn 30. júní eða næsta laugardag á eftir, hinn 7. júlí 1962, sóknaraðili getur ekki staðhæft hvort heldur er, hittust sóknaraðili og varnaraðili á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ hér í borg. Þegar dansleiknum lauk, kveður sóknaraðili þau hafa farið saman heim til varnaraðilja og haft samfarir um nóttina í herbergi hans. Voru ekki við samfarirnar gerðar neinar ráðstafanir til að varna því, að sóknaraðili yrði ófrísk. Sóknaraðili kveður þetta vera í eina skiptið, sem hún hafi haft samfarir við varnaraðilja, og staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við neina aðra karlmenn sumarið 1962. Sé því engum öðrum til að dreifa um faðerni barns síns en varnaraðilja. Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, í kringum 20. júní framangreint sumar. Sóknaraðili kveðst hafa verið talsvert með áfengisáhrifum, er samfarirnar fóru fram.

Sóknaraðili skýrir enn fremur frá því, að hún hafi hringt á varnaraðilja, einhvern tíma eftir að hún var orðin viss um, að hún væri ófrísk, og beðið hann að hitta sig. Kom varnaraðili til fundar við hana, og ræddu þau málið á veitingahúsi einu hér í borginni.

Varnaraðili hefur ekki neitað því að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í umrætt sinn, en skýrt nokkuð öðru vísi frá málavöxtum. Varnaraðili kveðst hafa þekkt sóknaraðilja í sjón, en bróðir hans er kvæntur hálf systur hennar, eins og í framburði sóknaraðilja greinir. Varnaraðili þekkti sóknaraðilja annars ekkert nánar og man ekki til þess að hafa talað við hana. Einhvern

tíma sumars árið 1962 hittust þau á dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ. Varnaraðili kveðst ekki geta tilgreint daginn nákvæmlega, en telur þó það hafa verið frekar laugardaginn 30. júní en 7. júlí. Byggir hann þetta á því, að hann hafi farið í sumarleyfi um mánaðamótin júní—júlí, en samfarir hans og sóknaraðilja fóru fram sömu helgina og sumarleyfi hans byrjaði. Varnaraðili var þarna með bræðrum sínum og konu annars þeirra. Þegar dansleiknum lauk, kveðst varnaraðili hafa farið einn heim til sín að Grenimel . . . og lagzt til svefns. Varnaraðili vaknaði við það, að sóknaraðili var kominn upp í rúm til hans og lögst þar fyrir. Varnaraðili var talsvert með áfengisáhrifum, og eins telur hann, að hafi verið ástatt um sóknaraðilja. Varnaraðili kveður þau sóknaraðilja hafa haft samfarir, og voru ekki gerðar ráðstafanir til að hindra það, að sóknaraðili gæti orðið ófrísk. Varnaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við sóknaraðilja í annan tíma. Varnaraðili tók fram, að hann hafi séð sóknaraðilja í nokkur skipti á dansleikjum og hafi hún þá oft verið talsvert drukkin.

Varnaraðili kveður Z, bróður sinn, hafa skýrt sér frá því, að hann hafi farið umrædda nótt af dansleiknum ásamt sóknaraðilja og fleira fólki í hús eitt við Nesveg hér í borginni og drykkju verið haldið þar áfram. Seinna um nóttina hafi svo sóknaraðili komið með sér að Grenimel . . . , en hann sofnað þar í stofunni.

Þá hefur varnaraðili skýrt frá því, að hann hafi hitt sóknaraðilja við hús eitt hér í borg að næturlagi, stuttu eftir að þau höfðu samfarnir, um viku síðar að varnaraðili telur. Skýrði sóknaraðili varnaraðilja frá því, að hún hefði orðið ófrísk af hans völdum í umrætt sinn. Varnaraðili kveðst hafa talið þetta fjarstæðu eina, þar sem svo skammt hafi verið um liðið frá samförum þeirra. Sóknaraðili var með áfengisáhrifum, en ekki varð hann þess var, að hún segði þetta í gamni. Einhvern tíma nokkru síðar hittust þau aftur af tilviljun, en hvar eða hvenær það var, kveðst varnaraðili ekki muna. Tók sóknaraðili það þá aftur, sem hún hafði áður sagt um þetta.

Varnaraðili kveður móðursystur sína hafa komið til sín fyrir sóknaraðilja, er sóknaraðili var orðin ófrísk, og tilkynnt sér um það.

Vitnið Z, bróðir varnaraðilja, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á margnefndum dansleik í Glaumbæ framanskráða nótt ásamt 2 bræðrum sínum, þ. e. varnaraðilja og Y, svo og konu Y. Sóknaraðili var á dansleik þessum, og kom hún að borðinu til þeirra og ræddi við þau. Vitnið kveðst hafa orðið viðskila við

varnaraðilja, en farið á brott af dansleiknum með sóknaraðilja og öðrum manni og konu. Var haldið að Nesvegi ... heim til mannsins, sem heitir B, og dvalizt þar um stund. Þaðan var haldið í hús eitt, sem er beint á móti hinum megin við götuna, en stúlkan, sem var með þeim sóknaraðilja, kannaðist við mann, er býr þar í kjallaranum. Þegar dvalizt hafði verið þarna nokkra stund, fór sóknaraðili á brott og hélt aftur í húsið hinum megin við götuna til manns þess, sem þau höfðu verið að koma frá. Vitnið kveðst hafa heyrt, að sóknaraðili og stúlkan, sem með þeim var, voru að ræða þetta, og virtist stúlkan hafa á móti því, að sóknaraðili væri að fara á brott. Eftir á að gizka klukkutíma kom sóknaraðili aftur, og skömmu síðar fóru vitnið og sóknaraðili á brott saman. Ekki var ákveðið, hvert halda skyldi, en það varð úr, að sóknaraðili fór með vitninu að Grenimel ... í boði þess. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, er það kom heim til sín, að herbergi varnaraðilja var opið. Vitnið bauð sóknaraðilja upp á kaffi, en á meðan það var að laga það, hvarf sóknaraðili frá því. Vitnið fór að huga að henni og sá þá, að hún var lögzt fyrir í rúminu hjá varnaraðilja. Hafði hún farið úr kápunni og breitt sængina yfir sig. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að varnaraðili var sofandi. Vitnið kveðst telja, að sóknaraðili hafi komið tvisvar sinnum að Grenimel ... í sínu boði nokkuð löngu áður, en varnaraðili var þá ekki heima að það vissi til.

Sóknaraðili kannast við það að hafa farið með vitninu að Nesvegi ... sumarið 1962 eftir dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ, en neitar því, að hún hafi þá nótt farið að Grenimel ... Kveður sóknaraðili það hafa verið síðar umrætt sumar, sem það fór með varnaraðilja að Grenimel ..., og þau höfðu samfarir. Sóknaraðili kveðst hafa farin ein síns liðs úr húsinu við Nesveg, en neitar alveg að hafa orðið vitninu samferða þaðan.

Vitnið B bifreiðarstjóri, Nesvegi ..., kveðst þekkja sóknaraðilja í sjón. Vitnið kveður það geta meira en verið, að hún hafi komið einhvern tíma heim til þess, jafnvel sumarið 1962, eftir dansleik í Glaumbæ, enda þótt það muni ekki sérstaklega eftir því. Þegar vitninu hafði verið kynntur framburður sóknaraðilja og vitnisins Z, skýrði það frá því, að það myndi óljóst eftir þessu. Ekki kvaðst vitnið þó muna eftir því, að sóknaraðili hafi komið heim til þess aftur ein síns liðs, eftir að hún fór á brott frá því ásamt umræddu fólki. Kemur þeim sóknaraðilja og vitninu saman um, að hún hafi ekki komið aftur til þess, eftir að hún fór á brott frá því ásamt Z og stúlkunni umrædda nótt.

Vitnið D, Akranesi, kveður sig minnst þess, að það hafi einhvern tíma farið heim til B, sem vitnið kannast við, að afstöðnum dansleik í Glaumbæ. Ekki man vitnið, hvenær þetta var né hverjir voru með því, en kveður þó vel geta verið, að sóknaraðili hafi verið þar. Frekar getur vitnið ekkert um þetta borið.

Í vottorði frá Péttri H. J. Jakobssyni, yfirlækni á fæðingardeild Landspítalans, er lagt var fram í dóminum, segir á þessa leið:

„K, fædd ... '35, ógift skrifstofustúlka, ..., Reykjavík, fæddi á V. deild Landspítalans þann 30. apríl 1963 lifandi dreng.

Þyngd 3760 gr., lengd 51 cm. Hafði meðgöngueitrun og djúpa þverstöðu á höfðinu í fæðingu, þess vegna gerð tangarfæðing. Heilsaðist báðum vel, en vegna meðgöngueitrunar var K látin liggja 15 daga eftir fæðinguna, og var þá ekki aðeins hækkaður blóðþrýstingur og eggjahvíta í þvagi.“

Í öðru vottorði sama læknis, dagsettu 15. janúar s.l., segir enn fremur:

„Síðustu tíðir konunnar voru að hennar sögn 20. júní 1962, og eru þá liðnir 314 dagar frá þeim, þegar barnið fæddist. Hvort heldur reiknaður væri getnaðardagur 30. júní eða 7. júlí, mundi meðgöngutíminn verða 304 eða 297 dagar. Allavega er þetta óvenjulega langur meðgöngutími, og þó ekki sé getið neinna yfirburðar einkenna á barninu í sjúkrablaði konunnar, þá kemur alltaf annað slagið fyrir, að konur ganga 3 til 4 vikur fram yfir meðaltíma, án þess að þess séu greinanleg einkenni á barninu við fæðingu.

Í fæðingarfræðinni hefur verið viðurkenndur sem stytzt og lengsti tími meðganga fullburða barns 229 og 323 dagar post conceptionem. Samkvæmt töflu Föllmer og Könningen (1951) um, hvað telst sennilegt miðað við síðustu tíðir mundi barn, sem er 51 cm á lengd í 3,69%, geta fæðzt 305 til 314 dögum eftir að síðustu tíðir byrjuðu hjá móðurinni.“

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um það, hvenær barn það, er mál þetta er risið af, geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans, dags. 23. september s.l.:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljós-móðurinnar, dags. 21. 5. 1963, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 22. júlí til 13. ágúst 1962.

Ef höfð er hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það

samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindner's, Málmey, yfir lengd og þyngd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 5. júní til 10. september 1962. Samkvæmt sömu töflum eru 879% líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 3. júlí til 13. ágúst sama ár.“

Blóðflokkarannsóknir fóru fram á aðiljum máls þessa svo og á barninu.

Niðurstaða rannsóknar frá Rannsóknarstofu Háskólans er sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O	M	+	+	—	+
Barnið	O	M	—	+	+	+
Varnaraðili	A ₂	M	+	+	—	+

Í vottorði um rannsókn þessa segir prófessor Niels Dungal, er hana framkvæmdi, að blóð allra þriggja aðilja hafi verið rannsakað tvívegis fyrir C, E og c.

Þá er niðurstaða rannsóknar frá Blóðbankanum, er Valtýr Bjarnason læknir hafði á hendi, sem hér segir:

Sóknaraðili

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A ₁	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus- flokkur.
0	0	0	+	0	+	+	0	+	+	OM Rh: CD/ce

Barnið

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A ₁	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus- flokkur.
0	0	0	+	0	0	+	+	+	+	OM Rh: DE/ce

Varnaraðili

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A ₁	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus- flokkur.
+	0	+	+	+	+	+	0	+	+	A ₁ MN Rh: CD/ce

Genotype

Sóknaraðili	O/O, M/M, DCE/dce (R_1r) eða DCE/Dce (R_1R_0)
Barnið	O/O, M/M, DcE/dce (R_2r) eða Dce/Dce (R_2R_0)
Varnaraðili	A_1/A_1 , M/N, DCE/dce (R_1r) eða A_1/O , DCE/Dce (R_1R_0)

Loks framkvæmdi Ólafur Bjarnason yfirlæknir blóðrannsókn á barninu, og varð hún í samræmi við framangreindar niðurstöður.

Samkvæmt blóðflokkanáðsóknnum þessum getur varnaraðili ekki verið faðir barns sóknaraðilja. Barnið hefur E í sínum Rh-flokki, sem það hlýtur að hafa fengið frá föðurnum, en það er ekki fyrir hendi, hvorki hjá varnaraðilja né sóknaraðilja, móður þess.

Málið var lagt fyrir Læknaráð og beiðzt svars við þeirri spurningu, hvort hugsanlegt sé, að varnaraðili geti verið faðir barns sóknaraðilja þrátt fyrir niðurstöður blóðrannsóknanna. Svar Læknaráðs við spurningu þessari var sem hér segir:

„Útilokun varnaraðilja, M, frá faðerni umrædds barns skv. niðurstöðum blóðrannsóknna byggist á því, að Rh-eiginleikinn E, sem fannst í blóði barsins, fannst hvorki hjá móður þess né varnaraðilja. Fyrir kemur þó, að Rh-eiginleiki — ekki sízt E — sé svo lítið áberandi, að erfitt sé að greina hann. Þykir vafasamt, að enn sé fengið nægilegt öryggi í greiningu ýmissa þátta Rh-kerfisins, til þess að útilokun faðernis skv. rannsóknarniðurstöðu varðandi einn einstakan Rh-eiginleika geti talizt hafa jafn sterkt sönnunargildi og útilokun skv. ABO eða MN flokkunum.

Samkvæmt þessu er hugsanlegt, að annað hvort móðir eða varnaraðili hafi eiginleikann E í svo veikum mæli, að ekki hafi tekizt að finna hann, og því er ekki með öllu útilokað, að varnaraðili geti verið faðir umrædds barns.“

Í vottorði sínu hér að framan kveður Pétur H. J. Jakobsson yfirlæknir meðgöngutímann hjá sóknaraðila vera óvenjulega langan, hvort heldur 30. júní eða 7. júlí 1962 væri reiknaður sem getnaðardagur barns hennar. Þá segir í vottorði borgarlæknis, að mestar líkur ættu að vera á því, að barn sóknaraðilja sé getið á tímabilinu frá 22. júlí til 13. ágúst 1962, en geti þó verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu frá 5. júní til 10. september umrætt ár.

Enda þótt þetta útiloki ekki varnaraðilja frá því að geta verið faðir að barni sóknaraðilja, hlýtur þetta að draga úr gildi þeirrar

staðhæfingar hennar, að barnið sé getið við samfarir hennar við varnaraðilja.

Við blóðflokkarannsóknir þær, sem gerðar hafa verið í máli þessu og leitt hafa til sömu niðurstöðu, hefur varnaraðili útilokast frá því að geta verið faðir að barni sóknaraðilja. Rh-kerfið, þar á meðal E-flokkur þess, sem útilokunin er byggð á, hefur verið lagt til grundvallar í dómum í barnsfaðernismálum, og þar sem ekkert er fram komið, er bendi til annars en blóðflokkarannsóknirnar hafi verið rétt framkvæmdar, þykir verða með hliðsjón af óvenjulega löngum meðgöngutíma hjá sóknaraðilja að byggja á þeim við úrslit máls þessa. Ber því að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 skulu málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti skal málskostnaður niður falla.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, á að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, K, í máli þessu.

Málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, skulu greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti skal málskostnaður niður falla.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.